

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna snjóflóðavarna undir Klifi á Patreksfirði.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 20. apríl 2012 breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna snjóflóðavarna undir Klifi á Patreksfirði, sem samþykkt var í sveitarstjórn Vesturbyggðar þann 22. febrúar 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 29. mars 2012.

Í breytingartillögunni felst að opnu svæði undir Klifi verður breytt í opið svæði til sérstakra nota. Innan þess verður byggður um 250 metra langur þvergarður/varnargarður. Garðurinn verður 10-12 m hár og heildarrúmmál hans um 42.000 m<sup>3</sup>.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 20. apríl 2012.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2012